



Reykjavík, 8. apríl 2024

MSS23120042

UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Samgöngur og borgarhönnun

Umsögn um tillögu íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um bannsvæði hópbifreiða í miðborginni

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða þann 13. desember 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga og samþykkt að vísa til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs:

Lagt er til að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að bannsvæði hópbifreiða og annarra ökutækja yfir átta metra á lengd verði stækkað í Miðborg þannig að svæðið afmarkist af Geirsgötu, Kalkofnsvegi og Skúlagötu í norðri, af Snorrabraut í austri og Hringbraut í suðri.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 13. mars 2024 var tillögunni vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar.

Umsögn:

Þann 28. mars 2023 var haldinn samráðsfundur með hagsmunaaðilum en á fundinum komu fram margar tillögur og ábendingar sem unnið hefur verið með síðan fundurinn var haldinn. Ákveðið var að áfangaskipta þeim hugmyndum sem komu upp á þeim fundi. Sumarið 2023 var akstursbannsvæðið stækkað vestur að Ánanaustum og Hringbraut en ljóst var að það væri eingöngu fyrsti áfanginn. Vinna er í gangi við viðamikla greiningu á bannsvæði hópbifreiða og stefnt er á að leggja tillögu að útfærslu fyrir umhverfis- og skipulagsráð á næstu vikum. Leitast verður við að halda íbúaráðinu upplýstu um gang mála.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri



Reykjavík